

AUGLÝSING

um deiliskipulag þjónustusvæðis við Krossdal í Kelduhverfi, Norðurþingi.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 29. apríl 2014 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingarnefndar að deiliskipulagi þjónustusvæðis við Krossdal í Kelduhverfi. Deiliskipulagið nær til 3 ha svæðis sem merkt er sem verslunar- og þjónustureitur V8 í aðalskipulagi Norðurþings. Innan skipulagssvæðis er skilgreind ein byggingarlóð ásamt vegtengingum að henni. Skipulagið miðar að því að heimila byggingu tveggja gistiskála á tveimur afmörkuðum byggingarreitum með samtals allt að 60 herbergjum. Einnig er gert ráð fyrir tjaldsvæði og tilheyrandi þjónustuhúsi innan lóðarinnar. Skipulagstillagan ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu er sett fram á einu blaði í stærð A2.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Húsavík, 23. júní 2014.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 7. júlí 2014